

|                             |
|-----------------------------|
| Umhverfisstofnun            |
| Áb. <u>BS</u>               |
| <b>19 MARS 2004</b>         |
| <u>54.55</u>                |
| Tilv. <u>UST20040300033</u> |

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Stofnun umhverfis og loftslagsmála, íslenska

Laugavegur 166

150 Reykjavík, Ísland

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

18. mars 2004

Tilvísun: UST20040300033/bs

**Sjóvörn Norðurbakka frá Tangahúsi að Meleyri, Bæjarhreppi. Tilkynning um matsskyldu.**


Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði er frá svonefndu Tangahúsi yst á eyrinni að skemmu sunnan Meleyrar. Á þessum kafla er lágur fjörukambur jafnframt kantur vegar sem liggur með stöndinni norður fyrir Meleyri. Kamburinn er að hluta aðfluttur jarðvegur og múrbrot. Skv. frekari upplýsingum frá Siglingastofnun mun hæð sjóvarnar vera áætluð um 50 cm yfir núverandi landhæð eyrarinnar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á náttúruuminjaskrá og er ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Efni til framkvæmdarinnar um 1800 m<sup>3</sup> verður tekið úr vegskeringu. Ekki er tilgreint hvar skeringuna sé að finna.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

  
Björn Stefánsson

  
Gunnar S. Jónsson